



Anna Rósa, er þetta útflutningsátak fyrir íslenskt grænmeti?

„Plóma er fyrst og fremst ávöxtur.“

Íslenska verkið Plómur verður frumsýnt á Broadway í næsta mánuði. Anna Rósa Sigurðardóttir samdi leikritið og leikur auk þess aðalhlutverkið.

Landsbankinn og Íslenskir aðalverktakar:

Fjögurra milljarða lánveiting

VIÐSKIPTI Landsbanki Íslands og Íslenskir aðalverktakar hafa undirritað samninga um lánatöku hinna síðarnefndu að upphæð fjögurra milljarða króna.

Um er að ræða endurfjármögnun langtímalána Íslenskra aðalverktaka og fjármögnun bankans á veltufjárbörf félagsins. Landsbankinn mun að auki koma að fjármögnun á öðrum verkefnum fyrirtækisins, til dæmis vegna uppbyggingar byggingarreita félagsins. Samhliða þessu voru undirritaðir samningar um sölu Landsbankans á hlut sínum í Eignarhaldsfélaginu AV ehf. til Eignarhaldsfélagsins Gás ehf, eignar-

haldsfélag s

stjórnenda ÍAV.

Bankinn eignaðist hlut í Eignarhaldsfélagi AV ehf. samhliða fjármögnun bankans á yfirtöku starfsmanna ÍAV á félaginu vorið 2003. Að þessum viðskiptum loknum eru ekki eignatengsl milli Landsbankans og Íslenskra aðalverktaka og er því lokið umbreytingarferli fyrirtækisins sem hófst



GENGIÐ FRÁ SAMNINGUM

Fulltrúar Landsbanka Íslands og Íslenskra aðalverktaka voru kampakátir þegar gengið var frá samningnum.

í maí í fyrra með kaupum á hlut íslenska ríkisins í Íslenskum aðalverktökum. ■

Jórdönsk ungabörn:

Mega heita Saddam Hussain

AMMAN, AP Jórdanska þingið felldi frumvarp sem bannar foreldrum að skíra börn sín nöfnum á borð við Osama bin Laden og Saddam Hussein í gær. Er þetta í annað sinn sem frumvarpið er fellt.

Þingmenn höfðu frumvarpinu á þeim forsendum að það væri ekki lýðræðislegt, auk þess sem ekkert ríki í heiminum hefði sambærileg lög í gildi. Hefðu lögin gefið embættismönnum leyfi til þess að hafna nöfnum sem þeir teldu hafa skaðleg áhrif á almenning. ■

Sektir i dómsal: Ósæmileg framkoma verjanda

DÓMSMÁL Jón Egilsson héraðs-dómslögmaður var sektaður um fjörutíu þúsund krónur fyrir ósæmilega framkomu í réttarsal. Jón var verjandi rúmlega tvítugs manns sem var dæmdur í fimm mánaða fangelsi, skilorðsbundið til þriggja ára, fyrir líkamsárás.

Dómarinn í málinu segir Jón hafa virt að vettugi ábendingar dómara um að gæta að laganna reglum við spurningar sínar til vitna. Hann greip ítrekað fram í fyrir vitnum og dómara og gerði dómara upp skoðanir. Þá truflaði hann yfirheyrslur fulltrúa ákæruvaldsins yfir vitnum.

Maðurinn sem Jón varði var dæmdur fyrir fólkskulega árás á mann sem hlaut sex sentímetra langan skurð á enni. ■

Sádi-Arabía: Skotnir til bana á götum úti

RIYAD, AP Lögregluþjónn og tveir vígamenn létust í skotbardaga sem braust út á götum Riyad, höfuðborgar Sádi-Arabíu, í gær. Slíkt ofbeldi hefur færst í aukana í Sádi-Arabíu á síðustu mánuðum.

Atvikið átti sér stað í kjölfar tilboðs stjórnvalda í síðustu viku. Vígamönnum á flótta undan lögreglu er þar lofað að þeir fái ekki dauðadóm gefi þeir sig fram við lögreglu.

Ekki er vitað hvort árárarmenn gærdagsins voru á lista yfir hættulegustu hryðjuverkamenn landsins en leitað hefur verið þeirra vegna fyrri árása.

Skortur á virðingu fyrir öldruðum

Ónóg virðing fyrir einkamálum aldraðra á fimm öldrunarstofnunum og skortur á sjálfræði er meðal þess sem fram kemur í nýrri könnun.

Æskilegt er að fólkið taki virkari þátt í sínu daglega umhverfi.

ALDRADIR „Það má augljóslega segja, að um sé að ræða ónóga virðingu fyrir einkamálum aldraðra, hvað þessa þætti snertir,“ sagði Viðhjálmur Árnason, prófessor í heimspekideild Háskóla Íslands, um atriði sem koma fram í könnun, sem hann og Ástríður Stefánsdóttir, lækni og dósent, gerðu á sjálfræði aldraðra á fimm öldrunarstofnunum. Niðurstöðurnar hafa þau gefið út á bók sem nefnist Sjálfræði og aldradir.

Atriðin sem Vilhjálmur nefnir sem dæmi eru annars vegar svör við spurningum um hvort starfsfólk bankaði þegar það kæmi inn til fólksins. Innan við 50% svöruðu, að allir starfsmenn gerðu það. Einnig var spurt hvort starfsfólk spyrdi um leyfi áður en það opnaði hirslur viðkomandi. 55% svöruðu, að allir gerðu það. 9% sögðu að enginn gerði það. Þá kemur fram, að fólk ræður því yfirlæti ekki hvenær það fer í bað, eða 63% og um 11% svarenda ráða því ekki hverju þeir klæðast. Taka ber fram að 22% svarenda þurfa aðstoð við að klæða sig.

Vilhjálmur sagði að spurt hefði verið um frumatriði daglegs lífs. Auk tilhögunar þess hefði fólkið verið spurt hvort það vildi ráða meiru um tiltekin atriði.

„Það er ekki ljóst að fólkið kjósi endilega að ráða meiru um þessi atriði heldur en það gerir, miðað við hvernig það svarar,“ sagði hann. „Hins vegar kemur það nokkuð á óvart að ekki skuli tekið meira tillit til óska þess og



ÖLDRUNARHEIMILI

Aldradir, sem dvelja á öldrunarstofnunum, kjósa ekkert endilega að ráða meiru heldur en þeir gera, samkvæmt niðurstöðum nýlega birtrar könnunar.

venja en virðist vera gert, en líka hitt að fólkið sjálft hafi ekki meiri áhuga á að ráða meiru um umhverfi sitt heldur en raun ber vitni.

Meðan fólk er heima hjá sér, vill það eðlilega ákveða sjálft, en svo virðist snúid við blaðinu þegar það er komið inn á stofnun, þó að hún sé heimili þess. Þetta viðhorf hefur verið kallað „hlédrægniskenningin“ eða hugmyndin um „áhyggjulaust ævikvöld“. Þá virðist sem fólk sé komið til þess að láta sjá um sig.

Þetta viðhorf sem finna má bæði hjá vistmönnum og starfs-

fólki er eflaust ein meginskýringin á þeim niðurstöðum sem við fengum. En það getur verið bjarnargreiði við fólk að ganga undir því. Rannsóknir benda til þess að þessi hlédrægniskennning og umsjárhugmynd flýti fyrir hrörnun. Fólk liður betur ef það er virkara og meiri þátttakendur í sínu umhverfi. Hluti af því að virða fólk er að virða venjur þess. Sé litið til hluta eins og klæðnaðar, mataræðis og fleira af því tagi, þá er það spurning um virðingu að koma til móts við venjur fólks á þessum aldri.“

jss@frettabladid.is

Rannsókn í Afríku:

Vítamín hægir mjög á HIV

NEW YORK, AP Könnun meðal HIV-smitaðra kvenna í Tansaníu bendir til þess að dagleg neysla fjölvítamíns hægi á ferli HIV-veirunnar og minnki líkurnar á að veiran breytist í alnæmi um allt að helming. Læknar hafa lagt til að fjölvítamín verði notað í baráttunni gegn alnæmi í Afríku meðan skortur er á lyfjum gegn veirunni og segja að þannig megi einnig forðast aukaverkanir þar til veiran hefur þróast í alnæmi. Kostnaður væri þannig í lágmarki en myndi hjálpa mörgum einstaklingum sem eru smitaðir af veirunni. Notkun vítamína kemur ekki að sama gagni á Vesturlöndum þar sem fólk þjáist síður af vítamínskorti en í Afríku. ■

Bresku sjóliðarnir:

Teknir utan íranskra landamæra

LONDON, AP Átta breskir sjóliðar, sem íranskar hersveitir segjast hafa handtekið innan landamæra Írans í síðustu viku, segja þeim hafa verið þröngvað inn í íranska lögsögu.

Að sögn íranskra stjórnvalda komu sjóliðarnir í óleyfi inn fyrir landamæri landsins. Því vísa sjóliðarnir á bug að sögn varnarmálaráðherra Bretlands. Þeir hafi verið utan landamæra Írans þegar þeir voru handteknir. Þá líta bresk stjórnvöld alvarlegum augum að skip og búnaður sjóliðanna er enn í höndum íranskra stjórnvalda. ■


Saddam lögformlega í umsjá Íraka:

Hugsanlega dæmdur til dauða

BAGDAD, AP Írakar tóku lögformlega við umsjá Saddams Hussein og ellefu nánna samstarfsmanna hans í gær. Bandaríkjamenn munu þó áfram sjá um gæslu Saddams, þar til Írakar eru tilbúnir til þess að taka við henni. Búist er við að það geti tekið langan tíma.

Þrátt fyrir það þýðir lögformleg færsla Saddams í hendur Íraka að Saddam er ekki lengur stríðsfangi heldur sakborningur sem réttað verður yfir í samræmi við írösk lög. Þá þýðir tilfærslan að Saddam á rétt á verjanda.

Þingfesting í máli Saddams fer fram í dag en búist er við að hann verði ákærður fyrir glæpi gegn mannkyninu. Salem Chalabi, sem leida mun réttarhöldin, hitti Saddam og samstarfsmenn hans í gær og kynnti þeim réttindi þeirra. Líklegt er



SADDAM HUSSEIN

Fyrirverandi einræðisherra Íraks var handtekinn í desember. Hann var í umsjá Bandaríkjamanna en Írakar tóku við lögsögu yfir honum í gær.

þeim verði útvarpað og sjónvarpað í beinni útsendingu. Hann telur að rétturinn geti komist að þeirri niðurstöðu að dæma Saddam til dauða. ■

Mögnuð dagbók!

Flott dagbók fyrir hressar galdrastelpur. Stútfull af alls kyns skemmtilegu efni og dagbók frá og með 1. júlí '04 til 30. júní '05.

GALDRA stelpur

VAKA-HELGAPELL